

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 4. september 2009

Mikilvægi upplýsingaskila

Viðskiptaráð hefur í fréttabréfum sínum á undanförunum mánuðum hvatt fyrirtæki til að standa skil á ársreikningum sínum og bent á mikilvægi þess fyrir atvinnulífið í heild.

Tímanleg skil á grunnrekstrarupplýsingum fyrirtækja eru t.a.m. forsenda þess að alþjóðleg greiðslutryggingarfélag fái aftur til að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja. Þó þau mál hafi tekið breytingum til batnaðar, sbr. fréttabréf Viðskiptaráðs frá 21. ágúst síðastliðnum, þá þurfa íslensk fyrirtæki að gera mun betur eigi sú þróun að halda áfram. Enn í dag eiga ríflega 7 þúsund fyrirtæki eftir að skila ársreikningi fyrir árið 2007 skv. upplýsingum frá CreditInfo, en þeim átti að skila inn fyrir lok ágúst í fyrra. Þá rann skilátíminn fyrir ársreikning síðasta árs út 31. ágúst síðastliðinn, en nú fara erlendir aðilar sem þegar eru farnir að greiðslutryggja íslensk fyrirtæki að kalla eftir meiri upplýsingum. Tímanleg skil geta því skipt sköpum.

Markviss upplýsingaskil eru ekki eingöngu mikilvæg vegna greiðsluábyrgða heldur skiptir miklu að þetta heimatilbúna vandamál, sem vanskil ársreikninga eru, sé upprætt til að aukið sé á gagnsæi og um leið trúverðugleika viðskiptalífsins. Um þetta fjallaði Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í [grein](#) þann 7. maí síðastliðinn þar sem hann sagði m.a. *“Íslensk fyrirtæki geta gengið á undan með góðu fordæmi – og eiga að gera – til að mynda með því að standa tímanlegar skil á lögbundnum rekstrarupplýsingum. Jafnvel væri hægt að ganga lengra og fara fram úr þeirri formlegu upplýsingaskyldu sem lögð er á herðar viðskiptalífs, eins og einhver dæmi eru um á undanförunum dögum. Þannig sýna rekstraraðilar gott fordæmi og vinna að eigin hagsmunum, hagsmunum atvinnulífs og þjóðarinnar í heild.”*

Viðskiptaráð vill því brýna fyrir þeim félögum sem eiga eftir að skila ársreikningum að gera það hið fyrsta. Upplýsingar sendist á reports@creditinfo.is.

Eigendastefna ríkisins

Í gær var tilkynnt að ríkið hefði sett sér eigendastefnu gagnvart fjármálafyrirtækjum í eigu þess, en henni er ætlað skv. tilkynningunni að skýra hlutverk og ábyrgð ríkisins sem eiganda þeirra og markmið þess með eignarhaldinu. Fjöldi ríkja hafa á undanförunum árum gefið út eigendastefnur sem þessa með svipuð markmið að leiðarljósi.

Viðskiptaráð fagnar tilkomu eigendastefnu ríkisins en ráðið, ásamt Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland, benti á mikilvægi slíkrar stefnu í tengslum við útgáfu [leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja](#) á síðasta ári. Þá fagnar ráðið því sérstaklega að mælst sé til þess í eigendastefnunni að stjórnir og bankaráð fjármálafyrirtækja sem ríkið á hlut í skuli fylgja [nýjum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja](#). Að mati Viðskiptaráðs er skýr stefna af þessu tagi mikilvægur þáttur þess að auka gagnsæi og skapa ríkinu mikilvægan trúverðugleika sem eiganda stærstu fjármálafyrirtækja landsins.

Miklu skiptir að þessari vinnu verði haldið áfram og að almenn eigendastefna verði sett gagnvart öllum opinberum fyrirtækjum.

Kynningarfundir - leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Viðskiptaráð, í samvinnu við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland, mun standa fyrir kynningarfundum í september á nýjum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Um verður að ræða stutta fundi á tímum sem henta stjórnendum og starfsmönnum viðkomandi aðildarfélags ráðsins. Farið verður yfir efnistösk nýju leiðbeininganna, spurningum svarað og leitast verður við að gefa félögum ráð varðandi innleiðingu þeirra.

Kynningarfundirnir eru hluti af aukinni áherslu Viðskiptaráðs, SA og Kauphallarinnar á að íslensk fyrirtæki tileinki sér viðmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Það er samhljóma álit þessara samstarfsaðila að almenn innleiðing leiðbeininga um góða stjórnarhættir sé eitt af mörgum mikilvægum skrefum í átt að endurreisn íslensks viðskipta- og efnahagslífs.

Félagar geta óskað eftir kynningarfundum fyrir sitt fyrirtæki með því að hafa samband við Harald I. Birgisson, lögfræðing Viðskiptaráðs, í gegnum tölvupóstfangið haraldur@vi.is eða í síma 510-7109. Miðað er við að fundirnir verði haldnir í húsakynnum ráðsins, félögum að kostnaðarlausu.

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru aðgengilegar [hér](#).

Ábyrgð og árangur stjórnarmanna - nám

Háskólinn í Reykjavík og Viðskiptaráð Íslands bjóða upp á stutt nám fyrir einstaklinga sem gegna stjórnarsetu í einkafyrirtækjum og opinberum fyrirtækjum. Markmið námsins, sem fer fram frá 16. september til 14. október, er einkum að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika íslenskra fyrirtækja með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. með þjálfun á sviði lagalegra, rekstrarlegra,

fjárhagslegra og siðferðislegra viðfangsefna.

Nánari upplýsingar um námið og fyrirkomulag þess má nálgast á heimasíðu [Háskólans í Reykjavík](#) eða [hér](#).

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Ríflega 1.700 ný fyrirtæki hafa verið stofnuð á fyrstu átta mánuðum ársins** skv. nýlegri úttekt CreditInfo, sem gefur til kynna að Íslendingar eru hvergi nærri af baki dottnir þegar kemur að fyrirtækjarekstri.
- **Endurfjármögnun Nýja Kaupþings og uppgjöri milli gamla og nýja bankans er nú lokið**, en samningar þess efnis voru undirritaðir í gær.
- **Flest stærstu hagkerfi heims eru að ná efnahagslegu jafnvægi** skv. upplýsingum Alþjóðabankans, en bankinn telur líkur á bata í efnahagslífi heimsins hafa aukist talsvert.
- **Afli fyrstu 7 mánuði ársins var 8,4% meiri en á sama tíma í fyrra** og var útflutningsverð sjávarafurða í krónum talið 32,5% hærra en á sama tímabili í fyrra.
- **Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) er bjartsýnni í hagvaxtarspá sinni fyrir stærstu hagkerfi heims en áður**, en spáin gerir m.a. ráð fyrir eins prósentustigs minni samdrætti á evrusvæðinu en sú fyrri.
- **Erlend greiðslukortavelta jókst um rúm 70% á fyrstu 7 mánuðum ársins** m.v. sama tímabil í fyrra, og virðast erlendir ferðamenn því ekki veigra sér við að eyða meiru hérlendis en áður.
- **Vöruskipti í ágúst voru hagstæð um rúma 12 ma. kr.** skv. bráðarbirgðatölum Hagstofunnar.
- **Erlendir aðilar halda áfram að sýna íslenskum fyrirtækjum áhuga**, en sænskur fjárfestir hefur gert tilboð í 51% hlut Teymis í símafyrirtækinu Tal.
- **Íslensk fyrirtæki sækja fram á erlendum vettvangi**, en Icelandic Glacial vatnið verður á borðstólnum á um 80 veitingastöðum í nokkrum af stærstu flugvöllum Bandaríkjanna.
- **Hlutabréf í Össuri voru tekin til viðskipta í kauphöllinni í Kaupmannahöfn í dag**, en með því er opnað fyrir erlend viðskipti með bréf í félaginu.
- **Norðmenn berjast um íslenska skyrið**, sem er nú fánlegt í öllum helstu matvöruverslunum Noregs.

Góða helgi.